

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



| | | | |
|----------------------------|-----------------------|--------------------------------|-----------------------------|
| Dags eftirlits | 9.11.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Kristjánsdóttir |
| Fyrirtæki | Sorpurðun Vesturlands | Eftirlitsmaður | Sverrir Aðalsteinn Jónsson |
| Heimili | Bjarnarbraut 8 | Tegund eftirlits | Reglubundið seinna eftirlit |
| Kennitala | 5306972829 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Hrefna Jónsdóttir | ÍSAT nr. | 38.21.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Stefán Gíslason | Staðsetning | 349951,516 469714,37 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð við eftirlit og engar athugasemdir gerðar. Unnið er að úrbótum vegna eldri frávíka.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

Niðurstöður síðustu skýrslu - viðbrögð og úrbætur

Gasmælingar og framvinda úrbótaáætlunar varðandi gassöfnun og mælingar

Almenn ákvæði starfsleyfis s.s. umfang, breytingar og samráð

Að síðustu var farið yfir önnur mál

Í síðasta eftirliti voru skráð 2 frávik varðandi sigvatn sem ekki er leitt beint í Norðlæk og að veiðarfæraúrgangur og kör merkt hættulegum efnum hafi verið geymd við enda urðunarreinar.

Sem viðbrögð við frávikum hefur rekstraraðili nú óskað eftir breytingu á starfsleyfi þar sem óskað er eftir að Norðlækur verði ekki skilgreindur sem viðtaki fyrir sigvatn heldur skurðurinn sem sigvatnið er leitt út í. Er breytingin nú í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

Spilliefnabambar hafa nú verið fjarlægðir af urðunarstaðnum en enn er unnið að úrbótum vegna veiðarfæraúrgangs. Hætt hefur verið að taka á móti slíkum úrgangi á staðnum.

Verklag við móttöku úrgangs hefur verið yfirfarið og er það á ábyrgð starfsmanna að fylgjast með hvað kemur inn. Rekstraraðili hefur möguleika á að sekta úrgangshafa ef mikið er af óflokkuðu efni í gámum sem koma. Þá er möguleiki á að taka mynd af úrgangsförnum og leggja á aukagjald.

Gæsmælingar sýna að staðurinn er komin í gasfasa, áætlað er skv. úrbótaáætlun að setja gassöfnunarkerfi næsta haust og farið var yfir stöðu mála. Rekstraraðili telur að enn sé um amk eitt ár þar til hægt sé að setja gasrör á svæðið. Þá er verkefni um oxun í yfirlagi enn í gangi og sótt hefur verið um styrki til að láta gera mælingar á metani við staðinn. Umhverfisstofnun hvetur til þess að staðið verði við úrbótaáætlun sem samþykkt hefur verið.

Rætt var um umfang starfseminnar en um 10 % aukning hefur verið á úrgangsmagni sem borist hefur miðað við árið í fyrra. Síðari eftirlitsmælingar voru eftir þegar eftirlit fór fram en voru fyrirhugaðar fljótlega. Rætt var um að halda samráðsfund á nýju ári.

Undir liðnum önnur mál var rætt um stóran bruna sem varð á staðnum í ágúst en þá logaði í urðuðum úrgangi. Notaðir voru um 3000 rúmmetrar af jarðvegi til að kæfa eldinn. Skýrsla um eldinn hefur verið send til Umhverfisstofnunar. Verið er að vinna að verklagsreglum varðandi öryggisbúnað, verklag við urðun og móttöku. Þá verður eftirlit haft með haugnum m.a. með hitamælum til að mæla hitastig haugsins.

Við vettvangsskoðun var gengið um svæðið og hreinsibúnaður fyrir sigvatn skoðaður. Búið er að setja niður nýjar fituskiljur og útbúa nýtt síubeð fyrir sigvatn bæði frá eldri stað og nýju reininni.

Urðunarrein var skoðuð og var greinilegt að tekið hafð verið til í úrgangi sem geymdur er við enda reinarinnar. Enn voru haugar af veiðarfæraúrgangi en unnið er að úrbótum.

Reykjavík, 29.12.2016

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.